

# Fundargerð 46. fundar

## Ungmennaráð 16. febrúar

Föstudaginn 16. febrúar 2018 kl. 18.00 kom ungmennaráð til fundar í Grunnskólanum í Þorlákshöfn.

**Fundinn sátu:** Jakob Unnar Sigurðsson, Oskar Rybinski, Katla Ýr Gautadóttir, Sandra Dís Jóhannesdóttir og Solveig Þóra Þorsteinsdóttir.

Ragnar Óskarsson boðaði forföll

Einnig sat fundinn Ingvar Jónsson, starfsmaður ráðsins.

## Fundargerð ritaði: Sandra Dís Jóhannesdóttir

1. Skipan ritara og formanns
  - Formaður – Ragnar Óskarsson
  - Ritari – Sandra Dís Jóhannesdóttir
2. Tarzan leikur
  - Um páskana
  - Hafa páskaegg í verðlaun
  - Hafa verðlaun fyrir að vera lengst eftir í leiknum og svo hverjir eru fljótastir að klukka alla og verðlaunin eru 6 páskaegg nr. 3.
  - Auglýsa vel. T.d. í skólanum og á Facebook.
  - Hafa aldurstakmark 7. Bekkur og uppúr + foreldrar
  - Hafa þetta snemma í páskafríinu. Hugmynd að hafa þetta miðvikudaginn 28. Mars kl. 13.00
3. Ungmennaping
  - Halda í apríl – maí
  - Gott að halda þetta í kringum bæjarstjórnarkosningar og fara þá með punktana í flokkana, ef ekki flokkana þá í nýju bæjarstjórnina þegar hún verður mynduð.
  - Fara á fund með nýrri bæjarstjórn.
4. Kosningar
  - Fá fólkt til þess að tala meira við krakka frá 15 – 16 ára aldri og kynna þetta fyrir þeim.
  - Hafa opna umræðu með frambjóðendum
  - Ræða betur á næsta fundi um hvað við getum gert til þes að yngri kynslóðir nýti betur kosningarétt sinn í komandi kosningum.
5. Unglingalandsmót
  - Sú hugmynd rædd að ungmennaráð sjái um einhverja afþreyingu fyrir yngstu krakkana sem ekki eru að keppa.
  - T.d. hoppukastala, SNAG – golfkylfur, frizbee golf o.fl.
  - Jakob Unnar og Sandra Dís eru svo í afþreyingarnefnd ungingalandsmóts með markaðs og menningarfulltrúa og koma til með að halda okkur upplýsum um þau mál.

Fundi slitið kl. 18.58

Næsti fundur 16. mars

